

Nr. 2

5. janúar 2016

AUGLÝSING um breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur, Barónsreitur-Skúlagata.

Skipulagsstofnun staðfesti þann 5. janúar 2016 breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030, sem samþykkt var í borgarráði Reykjavíkur 17. desember 2015.

Breytt er stefnu um hæðir húsa og fjölda íbúða á Barónsreit og heiti reitsins breytist í Barónsreitur-Skúlagata. Hæðarheimildum á reitnum er skipt í tvennt og leyfileg hæð aukin í 6-16 hæðir á þeim hluta sem snýr að Skúlagötu en verður áfram 4-6 hæðir Hverfisgötumegin. Fjöldi íbúða á reitnum verður 80-200 í stað 100 íbúða áður. Ekki er um að ræða breytingu á heildarbyggingarmagni reitsins. Breytingin tekur til reits nr. 11 í töflu á mynd 13 á bls. 32-33 og í töflu 1 á bls. 174 auk myndar 10 á þeirri bls. í staðfestri útgáfu aðalskipulagsins.

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsstofnun, 5. janúar 2016.

F.h. forstjóra,

Hafdís Hafliðadóttir.

Ottó Björgvin Óskarsson.

B-deild – Útgáfud.: 6. janúar 2016